

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 184/2012

2012/EES/70/32

frá 28. september 2012

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/740/ESB frá 14. nóvember 2011 um breytingu á ákvörðunum 2006/799/EB, 2007/64/EB, 2007/506/EB, 2007/742/EB, 2009/543/EB og 2009/544/EB í því skyni að lengja gildistíma vistfræðilegu viðmiðanna við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir tiltekna vörur ⁽¹⁾.
- 2) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2d (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/799/EB), lið 2da (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/64/EB), lið 2y (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/506/EB) og lið 2zc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/742/EB):
„– **32011 D 0740**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/740/ESB frá 14. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 297, 16.11.2011, bls. 64).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 2v (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/544/EB) og lið 2z (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/543/EB):
„eins og henni var breytt með:
– **32011 D 0740**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/740/ESB frá 14. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 297, 16.11.2011, bls. 64).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/740/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 29. september 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ⁽²⁾ inn í EES-samninginn, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 28. september 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 297, 16.11.2011, bls. 64.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.